



4. fundur stjórnar L.H. haldinn föstudaginn 31. mars 1995 í Bændahöll.

Mættir: Guðbrandur Kjartansson, Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Sigfús Guðmundsson, Kristján Auðunsson, Sigurður Þórhallsson, Kristmundur Halldórsson. Guðmundur Jónsson tilk. seinkunn. Ágúst Oddson kom seinna. Um kl. 16 kom Marteinn Valdimarsson. Forföll boðuðu Halldór Gunnarsson og Sigbjörn Björnsson.

Varaformaður setti fund stundvíslega og bauð fundarmenn velkomna.

## 1. Skipuritsnefnd.

Áltið fer í prentun á mánudag og verður sent til allra fundarmanna. Guðbrandur og Kristján gerðu grein fyrir stöðu mála. Formannafundur verður haldinn 29. apríl n.k. hér í Bændahöll. Áltið dreift fyrst til stjórnarmanna og símafundur í næsta viku um málið.

## 2. Skýrsla ferða- og umhverfismálanefndar.

Kristmundur gerði grein fyrir störfum nefndarinnar og að nefndin ætlaði að einbeita sér að eftirfarandi verkefnum: Merkingu reiðleiða, áningaráhólfum og kynningarstarfsemi. Kristmundur lagði fram fundargerð af fyrsta fundi nefndarinnar. Menn voru sammála um þessi áhersluverkefni.

## 3. Störf lyfjanefndar.

Guðbrandur skýrði frá störfum lyfjanefndar og hefur hún haldið einn fund. Guðbrandur reifaði enn fremur störf stórnskipaðrar nefndar um sama efni. Ákveðið hefur verið að lyfjapróf verði 10 á komandi sumri. Bréf hefur verið sent til framkvæmdanefndar FM'95 á Austurlandi um lyfjapróf. Þá hefur formönum hestamannafélögum verið gerð grein fyrir tilhögun lyfjaprófa og jafnframt er félögum gefinn kostur á að láta lyfjaprófa og hafa þau frest til að óska eftir prófi til 15.4. Þá verða allir þátttakendur á HM lyfjaprófaðir. Gera má ráð fyrir að lyfjapróf á vegum L.H. og HÍS samanlagt geti orðið um 30 á þessu ári. Fundarmenn ræddu þetta nokkuð.

## 4. Viðræður við Skjaldborg v/Hesturinn okkar.

Guðmundur Jónsson skýrði frá viðræðum og viðaukasamningi sem gerður var á fundi 24.3. s.l. með Skjaldborgarmönnum. Virkir áskrifendur voru þegar þeir tóku við rúmlega 1200, eru nú rúmlega 2100. Samið var nú um að auka heimild þeirra til auglýsinga hjá nokkrum aðilum sem L.H. hefur fengið tekjur af. Eftir nokkuð þóf, samþykktu L.H. menn að gefa þetta eftir.

Ýmislegt var rætt varðandi Hestinn okkar og þessi mál. Fram kom að Sigurður Þórhallsson á til afrit af fjölda áskrifenda sem L.H. fékk þegar skil voru gerð við Gunnar Gunnarsson. (hefur ekki verið nákvæmlega talið). Sýnt er að nákvæmlega þarf að fara ofan í það mál, hvað margir voru nákvæmlega á áskrifendalista þegar Skjaldborg tók við. Sig. P. falið að fá lista frá Skjaldborg og kanna þetta nánar.

## **5. Formannafundur.**

Fundur ákv. 29. apríl n.k. væntanlega hér í Bændahöllinni. Efni þar verður m.a. skipuritsnefndarskýrsla og fyrirkomulag og möguleg fjölgun landsmóta. Formaður skýrði frá að hann hefði reifað þessi mál nokkuð á fundi þar sem rætt var uppgjör síðasta landsmóts. Töluverðar umræður urðu um fjölgun landsmóta, og eru flestir á því að það sé mjög af hinu góða að fjölgja landsmótmóum. Í þessum umræðum kom m.a. fram hvort ekki væri athugandi að L.H. hreinlega byði út "Landsmótið" og að það gæti orðið góð tekjulind fyrir L.H. Að auki urðu töluverðar umræður um uppgjör landsmóts sem nú liggur fyrir. Heildartekjur losuðu 40 milljónir, en gjaldaliður stór > 38 millj. Þannig að til skipta komu rúmlega 2 milljónir samtals sem dreift var til félaganna, svo ekki verður hver hlutur stór. Sig. P. benti á ýmislegt sem betur mætti fara og huga þyrfti að í landsmótmáldi til framtíðar. Þegar á heildina er litið koma peningar víða að varðandi landsmót en þeir fara þegar upp er staðið til flestra annarra en hestamanna.

Guðmundur J. lagði fram drög að dagskrá formannafundar 29. apríl n.k.:

- 1) Sameiningarmál og álit skipuritsnefndar. Framsögumaður: Kári Arnórsson formaður nefndarinnar.
- 2) Fjölgun landsmóta í framtíðinni. Framsögumaður: Guðmundur Jónsson.
- 3) Önnur mál.

## **6. Umræða um landsmót nyrðra.**

Ákv. er að fara norður og ræða betur við menn er hlut eiga að máli. Sökum ófærðar og illviðra hefur það ekki verið tímabært. Spurning er hvort ekki er hægt að halda fund með form. nyrðra hér 29.4. n.k. og fara svo síðar í vor norður og kanna aðstæður, ekki sýnist öllum svo og vilja afgreiða málið á einum fundi nyrðra.

## **7. Fjórðungsmót '96.**

Okkar hlutverk er að koma á fundi í fjórðungnum um þetta mál, þar sem umræður hafa þróast eins og að ofan kemur, freastast þetta fram yfir formannafund.

## **8. Ársreikningur L.H. '94.**

Reikningur nær tilbúinn, en vegna veikinda endurskoðanda hefur reikn. enn ekki komið fram.

## **9. Athugun á hrossabeit.**

Landgræðslan, aðsent bréf dags. 3.3. s.l. varðandi samvinnu og starfshóp til athugunar á hrossabeit. Áformað að mynda líttinn starfshóp og óskað eftir fulltrúa frá L.H. Ákv. að Kristmundur Halldórsson verði okkar fulltrúi.

## **Önnur mál.**

Umsókn barst um styrk til kvíkmyndagerðar um Sama og ísl. hestinn frá Gjörningum Hafnarfirði. Stjórn L.H. getur ekki styrkt verkefnið, hefur ekki bolmagn til þess. S.P. falið að svara beiðni Gjörninga.

Sig. Þórh. upplýsti að óskað hefði verið eftir dómaranámskeiði á Austfjörðum, nú þar sem fjórðungsmót er í nánd. Ýað var og eftir styrk vegna kostnaðar námskeiðs. Ákv. var að styrkja málið með greiðslu fargjalds fyrir two. Guðmundur J. kynnti bréf frá HÍS sem sýndi samkomulag L.H. og HÍS dags. 26.6.91. og annað þar sem óskað er eftir viðbót við ofangreint samkomulag. Kveður þetta í hnottskurn á um nánari og ákveðnari félagsaðild keppnismanna erlendis. Stjórn L.H. er þessu samþykk.

Guðmundur upplýsti að á nýlegum fundi hans og Sigfúsar með HÍS aðilum hefðu samskiptamál HÍS og L.H. verið ýtarlega rædd. M.a. erlend samskipti, þátttaka kynbótahrossa á erl. grund o.fl. s.s. endurnýjun samnings við Flugleiðir og unglingsmót í Sviss og Danmörku á sumri komanda. Kristján benti á að varðandi erlend samskipti sem væru dýr þyrfti að ákveðnu marki að reyna að standa vel við bakið á unglingsum og börnum. Hugmynd er og um að koma á stóru unglingsmót hér á landi árið '96. Guðmundur J. greindi frekar frá samskiptum og fundum fulltrúa Ísl. við FEIF.

Lagt fram dreifibréf frá æskulýðsnefnd varðandi unglingsmót á vegum FEIF í Luxemburg 24.-30.7. '95.

Guðmundr J. tilkynnti að Sveinbjörn Sveinbjörnsson lögfr. og varaf. Gusts væri 3ji maðurinn í agadómstól L.H. Hinir eru Birgir R. Gunnarsson og Þór Sigþórsson.

Nokkrar umræður spunnust um störf móta og keppnisnefndar. Ýmislegt fróðlegt lauslega rætt en ekki fært til bókar.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 28.4. '95.

Formaður sleit fundi kl. 18:15.

Guðbrandur Kjartansson, Kristján Auðunsson, Sigfús Guðmundsson  
Jón Bergsson, Sigurgeir Bárðarson, Marteinn Valdimarsson, Ágúst Oddsson  
Kristmundur Halldórsson, Guðmundur Jónsson.